

## **Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn fimmtudaginn 30. ágúst 2012, kl. 19.30 í Digranesi**

Mættir voru: Anna María Bjarnadóttir formaður, Sigurður M. Grétarsson varaformaður, Brynhildur Grímsdóttir gjaldkeri, Selma Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Hörður Sigurðsson meðstjórnandi og Berglind Svavarsdóttir meðstjórnandi.. Fjarverandi Erna Arnarsdóttir ritari.

1. Fundur settur: Anna María setti fundinn kl. 19:40.
2. Niðurstaða af námsgagnasölu til 1. bekkjar.

Pantaðir voru 55 pakkar og seldust 46 þeirra en endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir að svo stöddu. Fundarmenn kváðu almenna ánægju hjá foreldrum með þetta fyrirkomulag og ákveðið er að hafa sama háttinn á næsta haust.

3. Fulltrúaráðsfundur.

Vegna væntanlegra námsefniskynninga er ákveðið að fresta fyrirhuguðum fulltrúaráðsfundi þann 13. september n.k., til. 2. október kl. 20.00. Undirbúningsfundur stjórnar fyrir þann fund er ákveðinn þann 18. september n.k.

4. Staða bekkjarfulltrúa.

Upplýsingar um bekkjarfulltrúa liggja ekki fyrir að svo stöddu, en námsefniskynningar í bekkjunum verða haldnar fyrri hluta septembermánaðar þar sem bekkjarfulltrúar verða valdir meðal annars. Ákveðið er að tengiliðir við skólastigin gangi eftir að bekkjarfulltrúar séu valdir í bekkjunum og að nöfnum þeirra verði komið til ritara. Fráfarandi stjórn stóð fyrir því að útbúa kynningu á hlutverki bekkjarfulltrúa og kom til skólastjóra s.l. vor, sem mun koma því áfram til kennaranna fyrir námsefniskynningarnar. Auk þess hafa allar helstu upplýsingar um stöðu og hlutverk bekkjarfulltrúa verið settar á heimasíðu skólans.

5. Foreldrarölt.

Hluti stjórnar fór fyrsta röltið um síðastliðna helgi. Nokkrar umræður spunnust um röltið, meðal annars hvort það ætti að miða röltið við breytingar á útivistartíma barnanna haust og vor frekar en upphaf og lok skólaársins. Þá kom einnig fram að skort hefði upp á upplýsingar til formanns röltnefndar um hvert rölt fyrir sig, þ.e. hvort og hversu margir hefðu rölt í hvert skipti. Ákveðið að senda framvegis slíkar staðfestingar í tölvupósti.

6. Önnur mál.

Umræður um lengd matartíma. Nokkrar kvartanir hafa borist foreldrafélaginu um að matartíminn sé of stuttur. Foreldrafélagið hefur komið þeim kvörtunum áfram til skólastjórnenda en engar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi matartímanna.

Umræður um Dægradvöl. Upplýst er að einhverfum börnum sé ekið í Smáraskóla í stað þess að fá að vera í áframhaldandi skólavistun í Álfhólsskóla. Ákveðið að fá nánari upplýsingar um tilhögun þessa svo og almennt um skólavistunina.

7. Fundi slitið. Formaður sleit fundi kl. 21.40.

Fundargerð ritaði: Berlind Svavarsdóttir